

12. fundur stjórnar

Starfsárið 2025-2026

14. október 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Sigríður Ösp
(áheyrnarfulltrúi félagaráðs), Kári (framkvæmdastjóri)

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 15:36

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Aðgerðaáætlun gegn áreitni og ofbeldi

Kári kynnir stjórn uppfærða aðgerðaáætlun gegn áreitni, einelti og ofbeldi sem fagrað Samtakanna hefur sett saman. Stjórn fer yfir áætlunina og ræðir. Áætlunin verður tekin fyrir til formlegrar samþykktar á næsta stjórnarfundum að öllu óbreyttu.

3. Samskiptaáætlun fyrir veturinn

Kári kynnir stjórn drög að samskiptaáætlun fyrir komandi vetur. Stjórn ræðir og gerir góðan róm að áætluninni.

4. Starfsmannamál

Kári fer yfir málefni starfsfólks á skrifstofu.

5. Húsnæðismál

Bjarndís leggur fram tillögu fyrir stjórn um að ráðast í breytingar á húsnæði Samtakanna á Suðurgötu, með það að markmiði að gera rýmið betur til þess fallið að gegna hlutverki félagsheimilis hinsegin fólks. Stjórn ræðir tillöguna og möguleika á notkun húsnæðisins. Er tillagan svo samþykkt einróma. Næsta skref er að kostnaðaráætlun verkefnisins verður lögð fyrir stjórn.

6. Hinsegin vottun

Bjarndís og Kristín Whitehead munu vinna að hinsegin vottun fyrir BSRB og aðildarfélög þess. Bjarndís og Kári segja frá þessu.

7. Stefnumótun

Kári fer yfir stöðuna á stefnumótunarvinnu Samtakanna. Hún stendur yfir. Opinn fundur um stefnumótunina verður fyrir næsta félagfund.

8. Félagsfundur

Kári og Bjarndís fara yfir undirbúning fyrir félagsfundar og stjórn ræðir dagskrá fundarins.

9. Önnur mál

Bjarndís hvetur viðstadda til að fjölmenna á jólatónleika Hinsegin kórsins.

Fundi slitið: 16:28.